

Haustfundir

Goðafossmarkaðar ehf og HMM

Eru áætlaðir sunnudaginn 21. okt. Nk.

Nánar auglýst síðar.

Stjórnirnar

Skilati mi í Hlaupastelpu

Kæru lesendur og auglýsendur

Nú er Hlaupastelpan gefin út á *fimmtudögum*
og því rennur skilafrestur auglýsinga út á **Þriðjudögum**

kl. 15:00. 😊

ATH! Verð á auglýsingum

Verð hálsiðu er kr.2700.-m.vsk
Verð heilsiðu er kr.3885.- m.vsk



Kjörskrá vegna Þjóðaratkvæðagreiðslu

Kjörskrá vegna þjóðaratkvæðagreiðslu 20. október n.k. liggur frammi á skrifstofu Þingeyjarsveitar almenningi til sýnis frá og með miðvikudeginum 10. október til kjördags.

Kjörskrá miðast við skráð lögheimili í sveitarfélagi eins og það er samkvæmt íbúaskrá þjóðskrár þremur vikum fyrir kjördag.

Kjörstaður í Þingeyjarsveit er Ljósveitningabúð.

Kjörfundur hefst kl. 10:00 og stendur a.m.k. til kl. 18:00.

Samkvæmt 89. gr. laga nr. 24/2000 má ekki slíta atkvæðagreiðslu fyrr en átta klukkustundir eru liðnar frá því að kjörfundur hófst og ekki fyrr en hálf klukkustund er liðin frá því að kjósandi gaf sig síðast fram. Kjörfundur skal þó slíta í síðasta lagi kl. 22:00 á kjördag.

Á kjörstað skal kjósandi gera grein fyrir sér með framvísun skilríkja eða á annan fullnægjandi hátt.

Sveitarstjóri og formaður kjörstjórnar.

Opið hús laugardaginn 13. okt



Laugardaginn 13. október verður opið hús í Torfunesi milli 13 og 17. Kynnt verður starfsemi búsin og einnig folöld og tryppi sem og söluhross. Fólki mun gefast kostur á að skoða bæði aðstöðuna á staðnum sem og þau hross sem inni verða.

Þórdís Anna Gylfadóttir verður á staðnum og mun kynna námskeið sem hún hefur hug á að vera með núna fyrir áramót sem meðal annars eru knapamerki 1 og 2, stöðupróf á þeim og einnig ýmis önnur námskeið.

Að lokum mun Mette Mannseth vera á staðnum og loka þessu opna húsi hjá okkur með sýnikennslu.

Frá Bókasafninu í Stórutjarnaskóla.



Til hagræðingar opnu húsi í Stórutjarnaskóla hefur verið ákveðið að breyta opnun Bókasafnsins í Stórutjarnaskóla sem hér segir:

Á þriðjudögum verður safnið framvegis opið frá kl. 14:30 til kl. 16:30.

Vonast til að sjá sem flesta.

Með kveðju.
Bókavörður.

áður en ráðist er í fjárfrekar framkvæmdir á skólahúsnæði og sveitarfélagið skuldsett frekar.“

4. Fundargerð Skipulags- og umhverfisnefndar frá 19. 09. 2012:

Lögð fram fundargerð Skipulags- og umhverfisnefndar frá 19.09.2012. Ásvaldur og skipulagsfulltrúi gerðu grein fyrir fundargerðinni. Varðandi 1. lið; Brekka í Aðaldal, deiliskipulag ferðaþjónustusvæðis, samþykkir sveitarstjórn að deiliskipulagstillagan verði auglýst skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Sveitarstjórn samþykkir einnig, samkvæmt tillögu nefndarinnar, 2. lið; Hólkot í Reykjadal, umsókn um stofnun lóða, að heimila umsækjendum að skrá 0,5 ha lóð undir núverandi sumarbústað, 4. lið; Breiðamýri í Reykjadal, umsókn um framkvæmdaleyfi og 5. lið; Árteigur í Köldukinn, umsókn um stofnun lóðar. Fundargerðin staðfest að öðru leyti.

5. Erindi frá Foreldrafélagi Litlulaugaskóla:

Tekið fyrir erindi frá Foreldrafélagi Litlulaugaskóla dags. 30. ágúst s.l. þar sem óskað er eftir að sveitarstjórn kanni þann möguleika að hafa leikskólann opinn lengur en til kl. 14:00 á föstudögum. Sveitarstjóra falið að kanna mögulega lausn á málinu.

6. Erindi frá Haraldi Bóassyni:

Tekið fyrir erindi frá Haraldi Bóassyni dags. 1. október þar sem hann óskar eftir, f.h. Útibús ehf., að taka á leigu Laugavöll og Bæjareyrina frá 1. júní til 31. ágúst í fjögur ár frá 2013 til 2016. Sveitarstjóra og formanni Félags- og menningarmálanefndar falið að ganga til viðræðna við Harald um málið.

7. Fundargerð rekstrarstjórnar og ársreikningur Hafralækjarskóla:

Lögð fram fundargerð rekstrarstjórnar Hafralækjarskóla frá 12.09.2012 ásamt ársreikningi 2011. Ólína gerði grein fyrir fundargerð og ársreikningi. Sveitarstjórn staðfestir fundargerð og ársreikning.

Til kynningar:

Fundargerð 799. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga:
Málstefna sveitarfélaga:
Veraldarvinir:

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16:55

Ólína Arnkelsdóttir
Margrét Bjarnadóttir
Friðrika Sigurgeirsdóttir
Ásta Svavarsdóttir

Arnór Benónýsson
Ásvaldur Ævar Þormóðsson
Árni Pétur Hilmarsson

FUNDARGERÐ



Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar
110. fundur
í Kjarna fimmtudaginn 4. október 2012 kl. 13:00

Dagskrá:

1. Fundarsetning:
2. Sorpmál:
3. Húsnæðismál Barnaborgar:
4. Fundargerð Skipulags- og umhverfisnefndar frá 19.09.2012:
5. Erindi frá Foreldrafélagi Litlulaugaskóla:
6. Erindi frá Haraldi Bóassyni:
7. Fundargerð rekstrarstjórnar og ársreikningur Hafralækjarskóla:

Til kynningar:

- A. Fundargerð 799. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga:
- B. Málstefna sveitarfélaga:
- C. Veraldarvinir:

Mætt: Ólína Arnkelsdóttir, Arnór Benónýsson, Margrét Bjarnadóttir, Ásvaldur Ævar Þormóðsson, Friðrika Sigurgeirsdóttir, Ásta Svavarsdóttir og Árni Pétur Hilmarsson auk sveitarstjóra sem ritaði fundargerð.

1. Fundarsetning:

Oddviti setti fund.

2. Sorpmál:

Farið var yfir sorpmál í sveitarfélaginu, Hafsteinn H. Gunnarsson framkvæmdarstjóri Sorpsamlags Þingeyinga ehf. mætti til fundarins og svaraði fyrirspurnum. Bæta þarf umgengni á gámasvæðum sveitarfélagsins og senda út upplýsingar um frekari flokkun á sorpi. Sveitarstjórn óskar eftir hluthafafundi í Sorpsamlagi Þingeyinga hf. sem fyrst.

3. Húsnæðismál Barnaborgar:

Lagðar fram til kynningar frumkostnaðaráætlanir og teikningar vegna leikskóladeildar Barnaborgar í Hafralækjarskóla. Skipulagsfulltrúi mætti til fundarins undir þessum lið og gerði grein fyrir áætlun og teikningum. Sveitarstjórn vísar málinu til Fræðslunefndar til umfjöllunar. Ásta Svavarsdóttir lagði fram eftirfarandi bókun:
„Ég hef fullan skilning á aðstöðuvanda Barnaborgar. Hins vegar tel ég nauðsynlegt að skýr framtíðarsýn í skólamálum sveitarfélagsins liggi fyrir

Haustfundur

Félags Eldri borgara í Þingeyjarsvseit

verður haldinn miðvikudaginn 17. október 2012 í Dalakofanum og hefst kl. 15.00

Auk venjulegra haustfundarstrarfa verður fjallað um Landssamband Eldri Borgara og stiklað á stóru um starf okkar félags.

Kaffveitingar

Gamlir og nýir félagar velkomnir og við vonumst til að þið sjáið ykkur fært að mæta

Stjórn FEBÞ



Sunnudagaskóli í

Grenjaðarstaðakirkju

kl. 11.00, sunnudaginn 14. október.

Mikill söngur, biblíusaga, lyklaleit, brúðuleikrit, bæn og samtal. Við hvetjum alla krakka til að mæta ásamt pabba og mömmu, afa og ömmu og eiga góða stund í kirkjunni okkar. Umsjón er í höndum sr. Sólveigar Höllu sem leiðir stundina ásamt sr. Þorgrími og fermingarbörnin munu aðstoða.

Sjáumst í kirkjunni!

Messa í Þorgeirskirkju



Sunnudaginn 14. október kl. 14.00 verður messa í Þorgeirskirkju. Kirkjukórinn syngur undir stjórn Dagnýjar Pétursdóttur. Kristín María Hreinsdóttir frá Ljósavatni syngur einsöng. Ungmennni á fermingarnámskeiði Laufásprestakalls veturinn 2012-2013 eru boðin sérstaklega velkomin ásamt ástvinum enda helgihald órjúfanlegur hluti af námskeiðinu. Ungmennin eru minnt á Kirkjulykilinn/Messubók handa fermingarbörnum. Sjáumst í kirkjunni!

Eldri borgarar athugið!



Vegna 40 ára afmælis Hafalækjarskóla þann 16. október n.k. verður breyting á tímasetningu hádegisverðar. Sameiginlegt borðhald, með nemendum og starfsfólki skólans, hefst kl.12:20. Eins og venjulega þarf að panta í matinn daginn áður.

Umsjónarmenn

4I.tbl.
11. október
2012
19. árg.

Hlaupastelpan

hlaupastelpan@isl.is,s:4643366/gsm:8953386



Hafalækjarskóli fertugur

Þriðjudaginn 16. október verður Hafalækjarskóli 40 ára. Af því tilefni verður opið hús í skólanum frá kl 14:00 - 16:00.

Tónlistarskólinn verður með skemmtiatriði.

Boðið verður uppá kaffi og köku.

Allir velunnarar skólans hjartanlega velkomnir að koma og halda upp á daginn með okkur.

Afmælisnefndin.